

STÆR1SK05

Búið til: Mon, 26 May 2014 11:42:40 GMT

Titill

Stærðfræði 3 á starfsbraut

Skammstöfun

STÆR1SK05

Útgáfunúmer

17

Námsgrein

stærðfræði

Viðfangsefni

Stærðfræði 3 á starfsbraut

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Stefnt er að því að viðhalda og byggja ofan á þann grunn sem nemendur hafa þannig að þeir verði færir um að nýta kunnáttu sína við lausn stærðfræðilegra viðfangsefna daglegs lífs. Lögð verður áhersla á að nemendur þjálfist í talnameðferð og talnaskilningi og læri að beita skipulögðum vinnubrögðum við úrlausn verkefna og nýti sér öll möguleg hjálpartæki svo sem síma, tölvur og reiknivélar.

Forkröfur

Stærðfræði 2 á starfsbraut

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunn reikniaðgerðum
- meðferð peninga
- meðferð hjálpartækja (síma, tölvu, vasareiknis)
- einföldum kaupum og verðútreikningum
- metrakerfinu og samhenginu milli eininga í mælikvörðunum
- flatarmáli ferhyrnings og þríhyrnings
- einföldum prósentu reikningi
- mynstri og speglun
- tíma, tímabili og klukku

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- grunn reikniaðgerðum (samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu)
- meðferð peninga
- meðferð hjálpartækja (síma, tölvu, vasareiknis)
- lesa á verðmiða og gera verðsamanburð
- leggja saman og draga frá verð á hlutum og finna út heildarkostnað og afgang
- nota klukku og reikna tímabil

- mæla fjarlægðir með málbandi, reglustiku og öðrum hjálpartækjum og skrá niðurstöður í viðeigandi mælikvarða
- mæla þyngd hluta og skrá niðurstöður í viðeigandi mælikvarða
- mæla/lesa á innihald umbúða og skrá niðurstöður í viðeigandi mælikvarða
- lesa og skilja magn á umbúðum
- reikna hluta miða við prósentu
- teikna og spegla mynstur
- reikna flatarmál

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tileinka sér ábyrgð á eigin fjármálum og átti sig á að tekjur og gjöld verða að standast á
- temja sér að skipuleggja innkaup, fjármál og tíma ...sem er metið með... umræðum og verkefnum
- nýta þau hjálpartæki sem bjóðast við stærðfræði daglegs lífs
- þroska tímaskyn sitt
- þekkja nauðsyn og mikilvægi stundvísi í leik og starfi
- skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega á viðeigandi hátt
- takast á við stærðfræðileg verkefni með opnum og jákvæðum huga og vera tilbúin að nýta hin ýmsu hjálpartæki sem í boði eru.

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd